



# **BARNA** **MENNINGAR** **HÁTÍÐ**

Í REYKJAVÍK

23.-28. APRÍL 2024

---






# EFNISYFIRLIT

Inngangur og undirbúningur	Bls. 3
Verkefni 4. bekkjar	Bls. 4
Dagskrá hátíðarinnar	Bls. 7
Opnunarviðburður	Bls. 11
Myndlistasýningin Allir með	Bls. 14
Ævintýrahöllin	Bls. 17
Kynningarmál	Bls. 20
Tölfræði samfélagsmiðla	Bls. 22
Fjármál	Bls. 23
Samantekt	Bls. 24
Viðaukar	Bls. 25





Barnamenningarhátíð í Reykjavík var haldin í þrettánda skiptið dagana 23. - 28. apríl. Hátíðin er skipulögð og framkvæmd af viðburðateymi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í samstarfi við Skóla- og frístundasvið og menningar- og íþróttasvið. Í viðburðateymi hátíðarinnar eru þau Björg Jónsdóttir, Eva Halldóra Guðmundsdóttir, Aðalheiður Sveinsdóttir og Guðmundur Birgir Halldórsson.

Barnamenningarhátíð stendur í sex daga og fer fram hvort tveggja á vinnutíma barnanna og í frítíma þeirra. Viðburðir fara fram víða um borgina í skólum, frístundamiðstöðvum, menningarhúsum og víðar. Unnið er eftir leiðarljósum hátíðarinnar sem eru gæði, margbreytileiki, jafnræði og gott aðgengi að menningu barna, með börnum og fyrir börn. Frítt er inn á alla viðburði.

Undirbúningur fyrir hátíðina hófst af krafti í janúar þegar Eva Halldóra Guðmundsdóttir kom inn í afleysingu fyrir Hörpu Rut Hilmarsdóttur sem verkefnastjóri Barnamenningar. Áherslan þetta árið var á miðborgina, Vesturbæ og Hlíðar og því var Ævintýrahöllin haldin í Borgarbókasafninu Grófinni. Til viðbótar hófst undirbúningur um sameiginlega sýningu leikskóla hverfisins í samstarfi við Barnamenningarhátíð.

Samráðshópur um Barnamenningarhátíð 2024 var skipaður aðilum frá SFS, MÍR og úr Reykjavíkurráði ungmenna, alls 8 manns auk verkefnastjóra hátíðarinnar.

Fyrir hönd SFS sitja í hópnum Guðrún Kaldal fulltrúi frístundar, Harpa Þorvaldsdóttir fulltrúi grunnskóla og Kristín Petrína Pétursdóttir fulltrúi leikskóla. Meðlimir MÍR eru þau Jón Páll Björnsson fulltrúi Borgarsögusafns, Ariana Katrín Katrínardóttir fulltrúi Listasafns Reykjavíkur og Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir fulltrúi Borgarbókasafns. Þær Snæfríður Thoroddsen og Karen Hrannarsdóttir eru fulltrúar Reykjavíkurráðs ungmenna. Hópurinn hittist stuttu fyrir áramót og kom sér saman um helstu áherslur, samþykkti fjárhagsáætlun og tímalínu. Strax í kjölfarið var auglýst eftir umsóknum um fjárframlög til verkefna í desember og hófst þá undirbúningur fyrir alvöru.

Ákveðið var að þema hátíðarinnar væri lýðræði þar sem íslenska lýðveldið yrði 80 ára árið 2024. Skipuleggjendur Barnamenningarhátíðar tóku því þá ákvörðun um að hafa lýðræðið í fyrirrúmi við skipulag og að lag hátíðarinnar myndi fjalla um lýðræði.

# VERKEFNI 4. BEKKJAR

Í ár er 9. skipti sem unnið er lag Barnamenningarhátíðar í samstarfi við 4. bekkjarnema, boðsgesti opunarviðburðarins. Þetta er þó 10. lag hátíðarinnar.

Í lok desember var listahópurinn Krakkaveldi fenginn til að vinna myndband til að útskýra og kynna verkefni 4. bekkjar um lýðræði. Krakkaveldi fékk kynningu frá Evu Halldóru um hátíðina og út frá því hófu þau vinnu sína að handriti myndbandsins. Í þeirri vinnu fengu þau í Krakkaveldi þá hugmynd að gefa börnum í 4. bekk tækifæri á að koma skoðunum sínum á framfæri með bréfi til ráðamanna. Borgarstjóri tók virkilega vel í það og úr varð að einn liður verkefnisins væri valkvæður og gátu börnin sent bréf til borgarstjórnar. Krakkaveldi voru svo tilbúin með drög að myndbandi 22. janúar og unnu þau upp úr nótum frá teymi Barnamenningarhátíðar og var myndbandið sent út á skólana 5. febrúar.

**Hér** er hægt að horfa á myndbandið frá Krakkaveldi

Í lok skýrslunnar er að finna verkefnið sjálft sem viðauka. Verkefnið var sent á kennara 4. bekkjar og máttu þau velja lið eða útfæra verkefnin eftir hentisemi.



Við fengum glæsilegu systkynin í hljómsveitinni Celebs, þau Kötlu Vigdís Vernharðsdóttur, Hrafnkel Huga Vernharðsson og Valgeir Skorra Vernharðsson, til að semja lagið út frá hugmyndum barnanna. Eftir að kennarar höfðu sent okkur hugmyndir þeirra sendum við þær á þau. Vinna Celebs að laginu gekk virkilega vel og vorum við komin með fyrstu drög að texta frá þeim 4. mars. Ákveðið var að fá Erlu Stefánsdóttur og Söndru Zeilisu til að vinna tónlistarmyndbandið og var það tilbúið 9. apríl. Tónlistarmyndbandið var sent út á 4. bekkina 11. apríl. Við vildum gefa 4. bekkningunum smá eignarhald þar sem þetta er lagið þeirra. Því var lagið ekki kynnt á samfélagsmiðlum fyrr en það var frumflutt í Hlíðaskóla 16. apríl. Fjölmiðlum var boðið á staðinn og Barnamenningarhátíð kynnt með þessum kynningarviðburði okkar og voru margir fjölmiðlar sem þáðu boðið.

[Hér](#) er myndbandið á Youtube og [hér](#) er lagið á Spotify.





## Hvað gekk vel?

Krakkaveldi unnu myndbandið af krafti og hélst tímalína varðandi handrit, myndband og útsendingu verkefnisins eins og áætlað var. Í heild sinni gekk fjórðubekkjjarverkefnið virkilega vel. Skólarnir tóku virkan þátt og var eftirtektarvert hvað kennarar nýttu verkefnið vel í lýðræðislegri vinnu með börnunum.

Hljómsveitin Celebs leystu verkefnið sitt vel af hólmi og af svo mikilli virðingu við börnin og þeirra hugmyndir um lýðræði. Einnig reyndist virkilega vel að fá þær Erlu og Söndru til að vinna myndbandið þar sem reynsla þeirra og kunnátta nýttust okkur vel og þær skiluðu öllu gífurlega vel af sér. Myndbandið og lagið vakti mikla lukku og kátínu meðal barnanna jafnt sem fullorðinna.

Frumflutningur lagsins í Hlíðaskóla gekk vonum framar og mættu allir helstu fjölmiðlar til að segja frá laginu og hátíðinni. Samstarf Hlíðaskóla, hljómsveitarinnar og okkar var með eindæmum gott.

## Hvað má gera betur?

Mikilvægt er að flýta ekki dreifingu á laginu eins og til stóð fyrst samkvæmt tímalínu. Ætlunin með því að frumflytja lagið og dreifa því viku fyrir hátíðina er að vekja eftirvæntingu barna eftir hátíðinni og hætt við að það detti upp fyrir ef laginu er dreift fyrr. Sumir kennarar eru metnaðarfullir og vilja kenna lagið áður en hátíðin hefst og er það skiljanlegt. En mikilvægt fyrir okkur að standa vörð um að lagið sé tól til að kynna hátíðina í heild sinni. En það reyndist vel að senda lagið bara út á 4. bekkina nokkrum dögum fyrir frumflutninginn því þá fengu þau tíma til að læra lagið og smá eignarhald því þetta er jú þeirra verkefni.

# DAGSKRÁ HÁTÍÐARINNAR

Alls bárust 57 umsóknir um styrk sem er svipað og undanfarin ár og hlutu 35 verkefni brautargengi. Um 60% styrktra verkefna kom frá aðilum úr grunn-, leik og frístundastarfi í Reykjavík, 20% frá menningarstofnunum og afgangurinn frá sjálfstæðum hópum og einstaklingum. Voru þessi verkefni uppistaðan í dagskrá hátíðarinnar og voru um 200 viðburðir, sumir endurteknir eða opnir alla vikuna, á hátíðinni allri og má sjá í viðauka skýrslunnar yfirlit.


Til viðbótar við styrkþega voru viðburðir og sýningar á vegum Assitej. UNGI - sviðslistahátíð fyrir unga áhorfendur var með tæplega 30 sýningar og viðburði í Tjarnarbíói, Borgarleikhúsinu, utandyra og í grunnskólum borgarinnar. [Hér](#) má finna dagskrá UNGA 2024.

SFS styrkti sérstaklega LÁN - Listrænt ákall til náttúrunnar með fjárframlagi til að setja upp og vinna metnaðarfullu sýninguna Framtíðarblóm í Grasagarðinum þar sem nemendur úr Árbæjarskóla, Breiðagerðisskóla, Grunnskóla Snæfellsbæjar Hellisandi, Ingunnarskóla, Landakotsskóla, Langholtsskóla, Lyngheimum, Múlaborg, Seljaskóla, Vesturbæjarskóla, Vinagerði, Víkurskóla-Nýsköpunarskóla og Vogaskóla sýndu verkin sín. Markmið verkefnisins er að vekja áhuga nemenda á náttúrunni og undrum hennar. Að efla með nemendum vitund og virðingu fyrir sjálfum sér, hópnum og umhverfinu og efla samvinnu og samkennd með samborgurum og lífi á jörðinni.

Aðrir árlegir viðburðir á Barnamenningarhátíð eru Upptakturinn, leikskólaviðburður Tónskóla Sigursveins sem að þessu sinni tók fyrir lögin hans Valgeirs Guðjónssonar, Bjólu og Egils Ólafssonar undir yfirheitinu Regnbogi meistarans og Hátíðarsýning Listdansskólanna FÍLD, þar sem 8 dansskólar sýndu listir sínar. Þetta eru viðburðir sem eru orðnir ómissandi hluti af hátíðinni. Það var einnig virkilega gleðilegt að styrkur fékkst frá menntamálaráðuneytinu til að gefa fleirum tækifæri á að taka þátt í leikskólaviðburðinum og því var hann keyrður fjórum sinnum, tvisvar í Eldborg í Hörpu 23. apríl og svo tvisvar í Grafarvogskirkju 24. apríl. Í heildina tóku 1050 leikskólabörn þátt í Regnboga meistarans, 100 6-8 ára forskólabörn í tónskóla Sigursveins og tónskóla Grafarvogs. Svo voru 50 unglingar úr tónskóla Sigursveins, tónskóla Grafarvogs og skólahljómsveit Grafarvogs sem spiluðu undir. 48 leikskólar tóku þátt og þar af voru 15 nýjir leikskólar í verkefninu og þar af leiðandi gátu 312 fleiri börn tekið þátt núna í ár. Þetta eru miklir gæða viðburðir með þátttöku barna sem eru orðnir þekktir og skapa eftirvæntingu ár hvert.







BIG BANG tónlistarhátíð fyrir unga áheyrendur fór fram í þriðja skipti 25. apríl þetta árið þrátt fyrir að hafa ekki hlotið styrk úr neinum sjóðum. Vonir standa til að styrkur fáið fyrir BIG BANG hátíðinni aftur svo hægt sé að festa hana í sessi. Allar upplýsingar um tónlistarhátíðina er að finna í skýrslu BIG BANG 2024.

Það vakti eftirtekt að unglingar sóttu í sig veðrið á Barnamenningarhátíð í ár. Unglingar héldu tónleika undir yfirskriftinni Hljóðið tónlistarhátíð. Hljóðið var haldið í kirkju sjöundadags aðventista í Ingólfsstræti. Þetta minnti óneitanlega á tónleikaseríuna Drullumall sem var hluti af hátíðinni á árum áður. Einnig var frumsýning á bíómyndinni Köld jól í Bíó Paradís eftir hinn 14 ára Magnús Gíslason. Myndin fjallar um þrjú systkini, Kríu, Stefán og Krístrúnu, sem verða fyrir ofbeldi af hálfu föður síns sem glímur við áfengisvanda. Virkilega gleðilegt að þessir framtakssömu unglingar höfðu áhuga á að taka þátt í hátíðinni. Hátíðin sjálf og viðburðapottur Barnamenningarhátíðar var sérstaklega kynntur fyrir Reykjavíkurráði ungmenna og komu fullt af flottum hugmyndum frá þeim að viðburðum fyrir unglinga á Barnamenningarhátíð sem náðist ekki að keyra af stað núna í ár en vonum að þetta samstarf muni gefa af sér á næstu árum.

Skóla- og frístundasvið greiddi laun listrænna stjórnenda svo Krakkaveldi gæti tekið yfir útvarpsþáttinn Lestina á Rás 1. Á opunardegi hátíðarinnar tók Krakkaveldi yfir lestina og unnu virkilega góðan þátt um þau mál sem þeim eru hugleikin.

**Hér** er hægt að hlusta á þáttinn.

Hönnunarmars var á sama tíma og Barnamenningarhátíð og var gleðilegt að geta skráð suma viðburði á báðar hátíðir í einu. Haldinn var fundur með skipulagsteymi Hönnunarmars og sammæltumst við um að kynna þessa sameiginlega viðburði okkar á öllum okkar miðlum og kynningum og tilkynningum til fjölmiðla. Okkar tilfinning er sú að það hafi aukið sýnileika þeirra.





### Hvað gekk vel?

Rúmlega 200 viðburðir voru á hátíðinni og upplifðum við mikinn áhuga hjá viðburðahöldurum að vera með á hátíðinni. Meira áhugi var hjá unglungum að halda viðburði fyrir unglunga og tókst vel til að keyra nokkra þeirra í gang.

Við byrjuðum snemma að kalla eftir upplýsingum til að setja inn í viðburðadagatalið Hvirfil og reyndist það vel að vera ekki í stressi stuttu fyrir hátíð að kalla eftir upplýsingum frá styrkhöfum.

### Hvað má betur fara?


Skerpa hefði þurft á skiptingu ábyrgðar varðandi kynningu á dansviðburði og að ekki færi út rangfærslur eins og gerðist á miðlum Hörpu hússins að leikskólaviðburðurinn hefði verið lokaviðburður opnunardags hátíðarinnar. Leiðinlegt ef misskilningur verður til þess að fólk telji dansviðburðinn ekki vera hluti af hátíðinni því hann er mikilvægur hluti af opunardegnum.

Hugmynd kom frá Reykjavíkurráði ungmenna að bjóða unglungum í heimsókn í Ráðhúsið og kynnast starfsemi borgarinnar í kynningu frá borgarfulltrúa. Þessi hugmynd kom stuttu fyrir hátíð og náðum við ekki að keyra þetta af stað vegna anna og ferðalaga starfsfólks. En þessi hugmynd um Lýðræðisviðburð ungmennaráðsins er góð og vert að athuga hvort hægt sé að koma honum fyrir á næstu hátíð.

Gott hefði verið að halda fund um viðburðadagatalið og við athugað hvort allir fítusar á Hvirfli virkuðu áður en byrjað var að óska eftir skráningu frá viðburðahöldurum. T.d. uppgötvuðum við seint að viðburðirnir birtust ekki á síðu Barnamenningarhátíðar nema sett var inn merki, þá birtist hann. Svoleiðis athuganir koma í veg fyrir aukavinnu starfsfólks í eftirfylgni, leiðbeiningum og útskýringum varðandi skráningu viðburða.

Gott væri ef viðburðateymi fengi að sjá um skipulag starfsfólks, safnstaða og þess háttar í Hörpu á leikskólaviðburði. Fleira starfsfólk hefði þurft að vera frá Hörpu og höfðum við ekki upplýsingar um safnstaði og fleira til að geta upplýst foreldra frammi. Einnig hefði verið gott að hafa starfsfólk hátíðarinnar vel merkt með bolum eða búningum svo þau séu auðþekkjanleg því leikskólastarfsfólkið var líka klætt gulum vestum.

# OPNUNARVIÐBURÐUR



Opnunarviðburðurinn var haldinn í Eldborgarsal í Hörpu 23. apríl og var fluttur tvisvar sinnum. Viðburðurinn var í beinni útsendingu í samstarfi við RÚV. Öll börn í 4. bekk borgarinnar fengu boð á viðburðinn, alls 1.800 börn. Þeim var boðið upp á dagskrá sem var sérstaklega hönnuð og samsett fyrir þau, flutt af fagfólki í margskonar listum.

**Hér** má sjá útsendingu RÚV af opnunarviðburðinum.

Fram komu:

- Bjarni Kristbjörnsson kynnir
- Einar Þorsteinsson borgarstjóri setti hátíðina
- Brot úr verkinu Árstíðirnar eftir Völu Rúnars og Snæðisi Lilju í samstarfi við íslenska dansflokkinn og Forward Youth Company & Dansdeild Listaháskóla Íslands
- Leikararnir úr Fíu Sól fluttu söngsyrpu úr leikritinu
- Brynja P kenndi dans við Barnamenningarhátíðarlagið ásamt dönsurunum
- Dans Brynju P sýndi dans
- Celebs fluttu Barnamenningarhátíðarlagið og Dómsdagsdans.
- Hringleikur sýndi sirkusatriði

Ungt fréttafólk Barnamenningarhátíðar eru unnið í samstarfi við RÚV. Krakkarnir fá undirbúning hjá fagfólki RÚV og læra þar að taka viðtöl, byggja upp fréttir, tækur, tækni og fleira. Þau flytja svo fréttir af viðburðum hátíðarinnar sem eru birtar í krakkafréttum, á vef RÚV og miðlum Barnamenningarhátíðar. Agnes Wild og Þuríður Davíðsdóttir hjá Rúv funduðu ásamt Evu Halldóru snemma í janúar þar sem ákveðið var að opnunarviðburði hátíðarinnar yrði streymt 11:45 af Rúv2. Einnig ákváðu þær að þarft væri að hafa umsjónarmann unga fréttafólksins með á námskeiðinu og að hafa fleiri námskeiðsdaga svo þau fengju lengri undirbúning. Krakkarúv vann einstaklega vel með unga fréttafólkinu og gengu námskeiðin með eindæmum vel. Þau bættu við auka fréttatíma hjá sér til þess að geta fjallað ítarlega um hátíðina. Samstarfið gekk gífurlega vel og Barnamenningarhátíð mjög sýnileg vegna þeirra umfjallana.

**Hér má finna innsög Krakkafrétta:**

22. apríl: <https://www.ruv.is/krakkaruv/spila/krakkafrettir/30712/alnles>

23. apríl: <https://www.ruv.is/krakkaruv/spila/krakkafrettir/30712/alnlet>

24. apríl: <https://www.ruv.is/krakkaruv/spila/krakkafrettir/30712/alnleu>

25. apríl: <https://www.ruv.is/krakkaruv/spila/krakkafrettir/30712/alnlev>

26. apríl: <https://www.ruv.is/krakkaruv/spila/krakkafrettir/30712/alnlf0>



### Hvað gekk vel?

Allt samstarf við Rúv gekk stórkostlega og unnu þau gífurlega vel með unga fréttafólkinu. Öll vinnan hjá Krakkarúv gerði það að verkum að mikil athygli var á hátíðinni og fréttáflutningur byrjaði af krafti strax daginn fyrir opunarviðburðinn.

Brotið úr verkinu Árstíðirnar vakti mikla lukku og gerði það að verkum að viðburðurinn byrjaði af krafti og kom einstaklega vel út í streyminu á Rúv.

Allt skipulag frammi í Hörpu gekk eins og í sögu. Þrátt fyrir seinkun hjá einhverjum hópum rann allt vel þegar börnin mættu í hús.

Mikil gleði var hjá krökkunum í 4. bekk og voru þau nánast öll búin að læra lagið og sungu hástöfum með undir flutningi Celebs.

### Hvað má bæta?

Tæknimál og upplýsingaflæði varðandi opunarviðburðinn hefði mátt bæta. T.d. höfðu danshöfundar Árstíða sent myndband til útskýringar á lýsingunni á þeirra atriði og var ljósamaður ekki búinn að skoða videoið sem gerði það að verkum að lýsingin virkaði ekki og þurfti að bregðast við og hlaupa og ná í aðrar blöðrur til að nota á seinni keyrslu opunarviðburðarins.

Gott hefði verið að hafa textann á laginu á skjá þegar Celebs kom fram.

Við þurfum að finna fleiri leiðir til að senda á rútufyrirtæki sem eru ekki á vegum hátíðarinnar að færa sig annað á meðan tekið er á móti 4. bekkunum á opunarviðburðinn.




# MYNDLISTASÝNINGIN ALLIR MEÐ


Að haldast í hendur og ganga í takt sem ein heild getur reynst flókið. Hindranir leynast víða sem flækjast fyrir og hægt er að hrasa um. Eina leiðin áfram er að takast á við þær í sameiningu, en flest er hægt að leysa ef við styðjum hvort annað og leiðumst í gegnum þá þrautabraut sem heimurinn býður upp á.

Allir með er samsýning listaverka eftir nemendur í leikskólunum Ævintýraborg við Eggertsgötu, Ævintýraborg við Nauthólsveg, Grænuborg, Miðborg og Tjörn (Öldugötu og Tjarnargötu) á vegum Barnamenningarhátíðar 2024. Í janúar var kallað eftir þátttakendum í myndlistasýningu leikskólabarna úr miðborginni út af því að í ár var áhersla á miðborgina. Sýningin yrði svo sett upp á Borgarbókasafninu Grófinni og voru þetta þeir leikskólar sem vildu taka þátt. Fljótlega í kjölfarið var haldinn fundur með fulltrúum hvers leikskóla fyrir sig. Þau Linda Ósk frá Ævintýraborg Nauthól, María frá Tjarnarborg, Jelena frá Ævintýraborg Eggertsgötu, Hallfríður frá Miðborg og Jón Einar frá Grænuborg funduðu ásamt Önnu Andreu sýningastjóra, Evu Halldóru verkefnastjóra barnamenningar og Björgu deildarstjóra viðburðateymisins. Þau lögðu drög að lýðræðislegri vinnustofu sem haldin yrði í Borgarbókasafninu Grófinni til þess að hefja listræna ferlið. Þar voru kynnt fyrir börnunum hugtök lýðræðis, æfingar gerðar þar til að dýpka skilning á lýðræði og kynnt fyrir þeim listaverk þar sem notast hefur verið við lýðræði sem heildarhugmynd. Anna Andrea Winther hélt utan um vinnu barnanna og sýningastýrði sýningunni af glæsibrag. Sýningin opnaði á Torginu á fyrstu hæð Borgarbókasafnsins í Grófinni þriðjudaginn 23. apríl kl. 10.30 og stóð til 28. apríl. Sýningin var sett inn í viðburðadagatal borgarinnar, á síðu Barnamenningarhátíðar og gerður facebook viðburður. Einnig var sýningin kynnt í fréttatilkynningum og kynningum til fjölmiðlafólks.

Verkin á sýningunni urðu til út frá þema hátíðarinnar 2024 sem er lýðræði og var hún einstaklega vel heppnuð og unnin. Samvinna, vinátta, umhverfi og tungumál einkenndu sýninguna en öll verkin leiddu okkur á mismunandi slóðir í gegnum hugarheim þessara allra yngstu listamanna.











# ÆVINTÝRAHÖLL BARNAMENNINGAR HÁTÍÐAR

27. OG 28. APRÍL KL. 10-16  
Í BORGARBÓKASAFNINU GRÓFINNI

## ÆVINTÝRAHÖLLIN

Ævintýrahöllin var haldin dagana 27. og 28. apríl í Borgarbókasafni Grófinni. Þar var fjölbreytt dagskrá fyrir börn og fjölskyldur þeirra frá kl. 10 – 16 báða dagana sem var ágætlega sótt þetta árið. Talning segir okkur að í kringum 2000 manns hafi komið á dagskrána þessa daga sem er svipuð mæting og undanfarin ár.

### LAUGARDAGUR

**27. APRÍL frá kl. 10-16**

10:30–11:00 <b>Fjölskyldujóga með Mariu Shanko</b>	13:30–14:30 <b>Fánasmiðja</b>
11:00–12:30 <b>Listasmiðja   Stórir draumar, lítil skref</b>	14:00–16:00 <b>Semjum lagatexta með Steinunni Jónsdóttur</b>
11:15–11:45 <b>Krúlastund með Maríu Shanko</b>	14:30–15:00 <b>Ég þori! Ég get! Ég vill með Lindu Ólafsdóttur</b>
11:30–12:30 <b>Blöðruheimur Blaðrarans</b>	15:00–15:30 <b>Sögustund á pólsku með Karolinu</b>
13:00–13:30 <b>Sögustund   Geithafrarnir þrír - pínulítla leikhúsið</b>	15:00–16:00 <b>Danssýning og danspartý Dans Brynju Péturs</b>
13:00–14:30 <b>Mótmælaskiltasmiðja</b>	

### SUNNUDAGUR

**28. APRÍL frá kl. 10-16**

10:30–11:00 <b>Fjölskyldujóga með Arnbjörgu</b>	13:30–14:30 <b>Vinabandagerð   Viltu vera vinur minn?</b>
11:00–11:30 <b>Krúlastund með Báru og Valla</b>	14:00–14:30 <b>Danssýning   Dans Afríka Ísland</b>
11:00–12:30 <b>Steinamálun   Skilaboð á steini</b>	14:00–16:00 <b>Tónlistarsmiðja með Fusion Groove</b>
11:30–12:30 <b>Sirkussýning   Hringleikur</b>	15:00–16:00 <b>Krakkakaróki</b>
12:00–13:00 <b>Hjólalístir   BMX brós</b>	
13:00–13:30 <b>Sögustund á spænsku með Sigrúnu Antons</b>	

Borgarbókasafnið í Grófinni hélt sérlega vel utan um þessa dagskrá, skipulag á rýmum, sýningar á verkum barna og sem samstarfsaðili í undirbúningi og framkvæmd Ævintýrahallar. Starfsfólk Borgarbókasafnsins í Grófinni eru miklir reynsluboltar í viðburðahaldi og því gekk allt mjög vel.



### Hvað gekk vel?

Samstarfið við Borgarbókasafnið gekk frábærlega. Það var gott að vera með blöndu af opnum smiðjum í ýmsum rýmum, sýningum á verkum barna um allt hús, dans og leikviðburði í aðalrými. Nægur fjöldi starfsfólks var á vegum hátíðarinnar og safnsins. Starfsfólk Borgarbókasafnsins í Grófinni er virkilega metnaðarfullt og tóku alla viðburði föstum tókum. Smiðjur sem voru á vegum safnsins gengu eins og í sögu og starfsfólkið þeirra sem keyrði smiðjurnar fagfólk fram í fingurgóma. Það gefur Ævintýrahöllinni mikið þegar samstarfið við bókasafnið er jafn frjótt og það var núna.

Fjölmennningarlegir viðburðir settu líka svip sinn á Ævintýrahöllina. T.d. upplestur á mismunandi tungumálum og viðburðir sem krefjast ekki íslenskukunnáttu til að geta tekið þátt.

### Hvað má bæta?

Við mætum skoða hvort hægt er að hafa suma viðburði tvítekna svo fólk upplifi ekki að það missi af eða þurfi að drífa sig að klára smiðju til að komast í upplestur o.s.frv.

Það hefði þurft að biðja um auka þrif á safninu.

Kannski hefði mátt hafa blaðrarann seinna í dagskránni svo blöðrur séu ekki springandi á meðan aðrir dagskrárliðir voru í gangi eins og gerðist þegar Krílastundin var.

Borgarbókasafnið var lokað á Sumardaginn fyrsta og mörg héldu að Ævintýrahöllin væri alla vikuna eða ætluðu að koma og sjá leikskólasýninguna og komu því margir fyrir lokuðum dyrum í Borgarbókasafninu Grófinni þá.





# KYNNINGARMÁL

---

Stefna samfélagsmiðlanna var skýr. Það var ákveðið að byrja að vekja athygli á miðlunum tæplega tveimur mánuðum fyrir hátíðina. Byrjað var á að tilkynna dagsetningar hátíðarinnar og settum inn viðburði á facebook, myndir frá fyrri hátíðum og myndbönd úr ferlinu í pósta og á story á Facebook og Instagram. T.d. þegar Krakkaveldi voru við tókur á myndbandi fyrir 4. bekkinga borgarinnar, þegar verkefnastjóri Barnamenningar sótti bréf til borgarstjórnar hjá skólunum, tilkynning hvaða tónlistarfólk myndi semja lag hátíðarinnar og margt fleira.

Í vikunni fyrir hátíðina var lag hátíðarinnar, Spyrja eftir þér, frumflutt í Hlíðaskóla og sett inn á alla miðla, Facebook, Instagram og Youtube. Í síðdegisútvarpinu var fjallað um verkefni 4. bekkinganna og lag Barnamenningarhátíðar var frumflutt í útvarpi. Á meðan hátíðinni stóð voru birtar myndir af viðburðum héðan og þaðan í borginni ásamt sérstökum póstum sem vöktu athygli á dagskrá hátíðarinnar þann daginn. Það var góð blanda af myndum og auglýsingum svo fólk myndi ekki fá auglýsingapreytu. Búinn var til viðburður á Facebook fyrir Ævintýrahöllina með heildardagskrá ásamt því að margir minni viðburðir búnir til fyrir hvern einasta dagskrárlið í Ævintýrahöllinni á Hvirfli.


Keyptar voru umhverfisauglýsingar í LED strætóskýli og billboard víðsvegar um borgina og hófust þær 5 dögum fyrir hátíð. Einnig voru borgarstandar nýttir og fóru auglýsingar í helming allra standa viku fyrir hátíð á móti Hönnunarmars sem var á sama tíma.

Lagið vaktið mikla athygli á hátíðinni og hefur það náð virkilega góðri dreifingu og spilun og náði inn á vinsældarlista Rásar 2. Celebs voru dugleg að dreifa laginu og gera skemmtilegar fræslur á sínum samfélagsmiðlum.

Fréttaumfjöllun gekk mjög vel og var mest fjallað um Celebs og lagið eða um 20 umfjallanir. Í heildina voru um 70 fréttir um hátíðina.

Samráðshópur Barnamenningarhátíðar tók ákvörðun með skipulagsteyminu að prenta ekki út bækling með dagskrá hátíðarinnar heldur senda út slóð í gegnum Mentor og Völu á alla foreldra og forsjáraðila. Einnig voru keyptar auglýsingar á Sjónvarpi Símans, skjávarpi Rúv, samlesnar á Rúv og á youtube.


Það var nýjung að auglýsa hjá Símanum og voru bæði keyptar pásu auglýsingar og lifandi á undan horfðu efni. Augslýingar náður til yfir 40.000 manns og til 5.354 heimila á höfuðborgarsvæðinu.



Það var nýjung að auglýsa hjá Símanum og voru bæði keyptar pásu auglýsingar og lifandi á undan horfðu efni. Augslýingar náður til yfir 40.000 manns og til 5.354 heimila á höfuðborgarsvæðinu.

### Campaign performance

Campaign > Ad group  
Click on a chart item to drill down



### Hvað gekk vel?

Eins og áður sagði gekk samstarfið við Rúv virkilega vel. Vel var tekið í að fá kynningu á hátíðinni fyrir starfsfólk Rúv. Sérstaklega gekk samstarfið við Krakkarúv vel og unga fréttafólkið fékk gífurlega gott námskeið og ganga í burtu með ómetanlega reynslu og vitneskju.

Fjölmiðlar höfðu mikinn áhuga á hátíðinni

### Hvað má bæta?

Í fyrra póstaði Eva um hátíðina inn á margskonar af grúppur á Facebook. T.d. hverfagrúppur og fjölmenningshópa o.s.frv. En því miður náðist það ekki núna í ár sökum anna.

Misskilningur kom upp varðandi þýðingar á upplýsingabréfi til foreldra á mismunandi tungumálum. Haldið var að við værum með þýðingar á fleiri tungumálum en var í raun og veru. Við hefðum þurft að fá þýðingar á fleiri tungumálum en náðum við að senda út þýðingar á öllum helstu tungumálum stærstu hópanna með annað tungumál en íslensku.

# TÖLFRÆÐI SAMFÉLAGSMÍÐLA

Efni sem sett var á bæði Facebook- og Instagram-síður hátíðarinnar náði ágætis dreifingu vikuna fyrir hátíð og á meðan hátíðinni stóð.



## Reach

### Facebook reach ⓘ

30.3K ↑ 817.5%

### Instagram reach ⓘ

12.2K ↑ 2.7K%



## Keyptar voru auglýsingar á Facebook og Instagram


### Ad trends

#### Paid reach ⓘ

21,852 ↑ 1.3K%

#### Paid impressions ⓘ

36,317 ↑ 1.1K%





# FJÁRMÁL

---

Skrifstofa borgarrita og borgarstjóra leggur hátíðinni til 8,7 m.kr. og leggur Skóla- og frístundasvið til 1,7 m.kr. sem er eyrnamerkt flutningi 4. bekkjar barna með rútum á opunarviðburðinn í Hörpu, og 500.000 kr til 4. bekkjar verkefnis. Alls var því fjárframlagið 10,9 mkr.

Kostnaður hátíðarinnar í ár var um 14,5 mkr. en vegna svigrúms sem skapaðist fyrir áramót var hægt að borga inná stóra ýmsu kostnaðarliði eins og Hörpu, sem er lang kostnaðarsamati útgjaldaliður hátíðarinnar, grafíska vinnu og samning við listafólk.

Fjárhagsáætlun hátíðarinnar stóðst og skiptist kostnaðurinn eftirfarandi, framlag til verkefna úr styrkjaþotti 4,0 m.kr., greiðslur til listafólks og annarra verktaka 4,2 m.kr. (4. bekkjar verkefni, dagskrá Hörpu og í Ævintýrahöll), akstur skólabarna 2 m.kr., markaðsmál 1,2 m.kr., 400 þúsund krónur í annað (grafísk hönnun, birtingar og prentun).

Eins og sést var kostnaðurinn við Barnamenningarhátíð í ár töluvert hærri en það fjárframlag sem var búið að áætla en vegna svigrúms sem skapaðist fyrir áramót var hægt að borga inná háa kostnaðarliði hátíðarinnar í desember, eins og Hörpu, sem er lang kostnaðarsamasti útgjaldaliður hátíðarinnar, grafíska vinnu og inná samninga við ýmist listafólk.

En í ljósi þessarar miklu kostnaðar aukningu í tengslum við hátíðina sem helgast að mestu leyti að því að öll aðföng hafa hækkað undanfarin ár, sem og öll þjónusta listafólks og aðkeyptrar þjónustu. En framlag til hátíðarinnar hefur lítið breyst í fjölmörg ár og er nauðsynlegt að endurskoða umfang hátíðarinnar með tilliti til fjármagns.



# SAMANTEKT

---

Vinnan í aðdraganda hátíðarinnar gekk rosalega vel þrátt fyrir að Eva væri að koma inn í afleysingu í janúar. Viðburðateymið var búið að hefja mörg verkefni fyrir áramót og munaði um að Eva kæmi aðeins inn í desember í smá undirbúning. Það gerði það að verkum hægt að hrinda auglýsingum fyrir viðburðapottinn af stað, taka ákvarðanir með samráðshópi og margt fleira. Einnig náði teymið að undirbúa verkefnin, raða upp tímalínu og verkefnalista.


Færri umsóknir frá fjölmennigarlegum hópum bárust í viðburðapott Barnamenningarhátíðar núna í ár en áður. Við viljum nýta þessa minnkun sem tækifæri til að bæta kynningu á viðburðapottinum og hátíðinni sjálfri fyrir mismunandi menningahópum til að sækja um og tryggja þátttöku þeirra hópa. Við sjáum fyrir okkur að virkja meðlimi sendiherra verkefnisins í Suðurmiðstöð með okkur fyrir hátíðina, deila upplýsingum á fjölmennigarhópum inni á samfélagsmiðlum og jafnvel hvetja skólasamfélagið til að hjálpa okkur við tengingar.

Nú þegar áherslan var á miðborg, Vesturbæ og Hlíðar komu upp vangaveltur hjá skipulagsteyminu hvort staðsetning t.d. Ævintýrahallarinnar hefði áhrif á aldursskiptingu þeirra sem mæta á viðburði. Minna er um að börn t.d. á miðstigi mæti sjálf í miðborginni en þegar Ævintýrahöllin hefur verið í öðrum hverfum er það algengara.

Á meðan hátíðinni stóð var virkilega gott veður miðað við vikurnar á undan þannig við fundum fyrir því að viðburðirnir þurftu að keppa við gott veður og sólarjúkt fólk vildi nýta þessa sjaldséðu geisla til hins ýtrasta. En það virðist þó ekki hafa haft mikil áhrif á mætingatölur á þá viðburði sem við keyrðum eins og Ævintýrahöllina og BIG BANG tónlistarhátíðina. UNGI sviðslistahátíð fann hins vegar fyrir því að færri komu en búist var við og á bestu góðviðrisdögunum mæta fáir á söfnin.

Mikil athygli var á hátíðinni og greinilegt að hátíðin er orðin fastur liður í dagatali fjölskyldna. Einnig fundum við fyrir því hvað nálægðin við samskiptadeildina gaf mikið því áhugi fjölmiðla á hátíðinni var gífurlegur. Mæting fjölmiðla á viðburði var mikil og óskir eftir viðtöl og margar umfjallanir unnar upp úr fréttatilkynningum samskiptateymisins.





Viðburðafjöldinn var mikill á hátíðinni og mjög mikið um að vera í borginni þessa sex daga. Það var gaman og gefandi að hafa BIG BANG inni á hátíðinni, hátíð innan hátíðar, og reyndist vel að kynna hana sem hluta af Barnamenningarhátíð. Hátíðin gekk glimrandi vel í alla staði og upplifun borgarbúa virkilega góð. Barnamenningarhátíð er ein af lykilhátíðum borgarinnar og er mikilvægur hluti í lífi og menningu barna og fyrir sýnileika barnamenningar í borgarumhverfinu.

Til að tryggja áframhaldandi metnað, nýsköpun og framþróun þarf hátíðin meira fjárhagslegt svigrúm. Í ljósi þess að í aðgerðaráætlun menningarstefnu borgarinnar er markmið að efla listrænt vægi Barnamenningarhátíðar veltir skipulagsteymi fyrir sér hvort þurfi að endurhugsa úthlutun úr viðburðapotti hátíðarinnar og/eða eyrnamerkja fjármagn sem fer í nýsköpun, þróun og eflingu listrænnar sýnar. Mikilvægt er að efla samstarf við listafólk og grasrótina án þess að það bitni á þeim gífurlega mikilvægu barnamenningarverkefnum sem unnin eru á vinnustað barnanna, í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.

Barnamenningarhátíð er mikilvæg í menningarlandslagi borgarinnar og er sterkt innlegg í menningaruppeldi barna. Það skiptir sköpum að börn og fjölskyldur geta notið óháð félagslegri stöðu því frítt er inn á alla dagskrá.



# VIÐAUKAR

Yfirlit yfir aðra viðburði á dagskrá:

Dagsetningar	Heiti viðburðar	Staðsetning	Tegund
23.04.2024 - 28.04.2024	Stórir draumar - lítil skref	Borgarbókasafninu Grófinni og Melaskóla	Myndlist, smíðja, þátttökusýning
23.04.2024 - 28.04.2024	Börnin endurskapa þjóðminjar	Þjóðminjasafn Íslands	Myndlist
23.04.2024 - 28.04.2024	Tungumálablóm - gagnalist	Borgarbókasafninu Grófinni	Myndlist, gagnalist
23.04.2024 - 06.05.2024	Gægjusýning - Ekki kíkja, þetta er list	Myrkraverk Gallery	Myndlist
19.04.2024 - 28.04.2024	Uppáhalds dýrin okkar	Borgarbókasafnið Kringlunni	Myndlist
23.04.2024 - 28.04.2023	Allir með	Borgarbókasafnið Grófinni	Myndlist
23.04.2024 - 28.04.2024	ÍSABROT- jöklar í íslenskri myndlist	Safnahúsið við Hverfisgötu	Myndlist
23.04.2024 - 28.04.2024	Listasýning Laugó	Ásmundarsafn	Myndlist
23.04.2024 - 28.04.2024	Eldur, ís og mjúkur mosi	Perlan	Myndlist
23.04.2024 - 28.04.2024	Reflar og skildir	Þjóðminjasafn Íslands	Myndlist
23.04.2024 - 28.04.2024	Byggingarlist, Breiðholtið og borgin okkar	Norræna Húsið	Myndlist, hönnun
23.04.2024 - 28.04.2024	Kóngaklaði, kanína og Hvalsá	Þjóðminjasafn Íslands	Myndlist, handverk, hönnun
23.04.2024 - 28.04.2024	Það sem vantar – Myndlistarsýning Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar	Kjarvalsstaðir	Myndlist
23.04.2024 - 28.04.2024	Framtíðarblóm	Grasagarðurinn	Myndlist
23.04.2024 - 28.04.2024	BIRKID Í VERKUM ÁSGRÍMS JÓNSSONAR – Birkirannsókn	Listasafn Íslands	Myndlist
18.04.2024 - 29.04.2024	Gróður í Grafarvogi	Borgarbókasafnið Spönginni	Myndlist, hönnun, náttúra
23.04.2024 - 26.04.2024	Söng-/ leiklistaratriði í frístundaheimilum Brúarinnar	Frístundaheimili Brúarinnar	Sviðslistir, dans
23.04.2024 - 26.04.2024	Miðlun - smíðjur í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar	Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar	Skapandi miðlun
23.04.2024	Opnunarviðburður Barnamenningarhátíðar	Eldborg, Hörpu	Margvíslegar sviðslistir, tónlist og upplifun
23.04.2024	Opnun myndlistarsýningarinnar Allir með	Borgarbókasafninu Grófinni	Myndlist
23.04.2024	Regnbogi meistarans - Leikskólaviðburður	Eldborg, Hörpu	Tónlist
23.04.2024	Allir hafa rödd - Leiksýning barnanna á Bergi	Leikskólinn Berg	Leiklist
23.04.2024	Myndbandssýning og kaffi	Frístundaheimilið Kátakot	Sviðslistir, tónlist
23.04.2024	Hátíðarsýning Listdansskólanna	Eldborg, Hörpu	Dans
23.04.2024	Hinsegin Prom	Spennistöðin, Austurbæjarskóla	Tónlist, upplifun
24.04.2024 - 28.04.2024	Byggingarnar okkar - Barnabók um íslenska byggingarlist	Aðalstræti 10 - Borgarsögusafn	Bókmenntir, saga, hönnun
24.04.2024 - 06.05.2024	Ertu normal? Ljósmyndasýning	Sjóminjasafnið í Reykjavík	Ljósmyndun
24.04.2024	Dansandi og syngjandi Halastjörnur	Háteiggskóli	Sviðslist, dans, tónlist
24.04.2024	Sundlaugadiskó	Borgarbókasafnið Úlfarsárdal	Tónlist
24.04.2024	Sögustund á náttfötunum	Borgarbókasafnið Úlfarsárdal	Bókmenntir
24.04.2024	Fjölskyldudiskó	Borgarbókasafnið Úlfarsárdal	Tónlist
24.04.2024	Röddin í litunum	Frostheimar Frístundaheimili	Hönnun, myndlist
24.04.2024	Tónskólalögin okkar-Hátíðartónleikar	Fella-og Hólakirkja	Tónlist, sviðslist, dans, náttúra, bókmenntir
24.04.2024	Undrabörn - hæfileikjakeppni Undralands	Undraland Frístundaheimili	Tónlist, sviðslist, dans, bókmenntir
24.04.2024	Silly Suzy og Momo   Rauðhetta í nýju ljósi	Borgarbókasafnið Gerðubergi	Sviðslist
24.04.2024	Tónleikar með Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar	Ráðhús Reykjavíkur	Tónlist
24.04.2024	Matti og Maurún - Hulinn heimur íslenskra maura	Epál	Bókmenntir, hönnun, handverk, myndlist
24.04.2023	Regnbogi meistarans	Grafarvogskirkju	Tónlist
25.04.2024 - 27.04.2024	UNGI Sviðslistahátíð fyrir unga áhorfendur	Tjarnarbíó	Sviðslist, Dans
25.04.2024 - 28.04.2024	Rafmagnaður textíll! - Raftextílsýning og tilraunasmíðja	Ellíðaárstöð	Hönnun
25.04.2024	BIG BANG tónlistarhátíð fyrir unga áheyrendur (hægt er að skoða dagskrá BIG BANG í þeirri skýrslu)	Hörpu	Tónlist
25.04.2024	Krakkar sýna leikrit	Borgarleikhúsið	Sviðslist



## Yfirlit yfir aðra viðburði á dagskrá:

Dagsetningar	Heiti viðburðar	Staðsetning	Tegund
25.04.2024	Skynjunarleiksmiðja Plánetu	Dalur Hostel	Annað
25.04.2024	Söngvahátíð barnanna	Hallgrímskirkja	Tónlist
25.04.2024	Draumaskólinn minn - Ókeypis smiðja f. 1.-7. bekk	Árbæjarsafn	Hönnun, myndlist
25.04.2024	Oliver!	Í sal Nýja Tónlistarskólans við Grensásveg 3 á Þriðju hæð	Tónlist, sviðslist
25.04.2024	Dúfur og dirrindí   Sumarsmiðja á Sumardaginn fyrsta	Bókasafn Kópavogs	Handverk
25.04.2024	Sjáðu mamma, engar hendur!	Ráðhús Reykjavíkur	Sviðslist,dans
25.04.2024	Sumardagurinn fyrsti á Árbæjarsafni	Árbæjarsafn	Hönnun, tónlist
25.04.2024	Pólsk skuggamyndasmiðja á sumardaginn fyrsta!	Þjóðminjasafn Íslands	Sviðslist, handverk, myndlist
25.04.2024	Krakkar kenna krökkum - Leiklistarsmiðja	Borgarleikhús	Sviðslist
25.04.2024	Vektu skúlptúr með tónlist!	Hafnarhús	Myndlist
25.04.2024	Opnun sýningarinnar VAXTAVERKIR	Árbæjarsafn	Saga
25.04.2024	Opnunarhátíð UNGA sviðslistahátíðar	Tjarnarbíó og Ráðhús Reykjavíkur	Sviðslist
25.04.2024	Kanlínudans	Tjarnarbíó	Dans, sviðslist
25.04.2024	Sumarfjör Skáta í Fjölskyldu og Húsdýragarðinum	Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn	Náttúra
26.04.2024	Krakkaþing Fíusólar - Opin dagskrá	Borgarleikhúsið	Sviðslist, dans, tónlist
26.04.2024	Hljóðið	Kirkju sjöundadags aðventista	Tónlist
26.04.2024	Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna	Norðurljós, Hörpu	Tónlist
26.04.2024	Reflar og skildir - Opnun sýningar	Þjóðminjasafnið	Myndlist
27.04.2024 - 28.04.2024	Ævintýrahöllin (hægt er að lesa dagskrá Ævintýrahallar í skýrslunni)	Borgarbókasafninu Grófinni	Tónlist, dans, smiðjur,
27.04.2024	Litli Punktur og stóri Punktur	Tjarnarbíó	Sviðslist
27.04.2024	Ævintýri Trúðanna	Tjarnarbíó	Sviðslist
27.04.2024	Eldblóm X Þykjó – Fjölskyldusmiðja með Sögu Soffnu og Sögu Sunnu	Hönnunarsafn Íslands	Hönnun, handverk, dans
27.04.2024	Nýjustu töfrar og vísindi	Tjarnarbíó	Sviðslist
27.04.2024	Hvíta tígrisdýrið	Borgarleikhús	Sviðslist
27.04.2024	Listir eru skemmtileg vísindi	Safnahúsið við Hverfisgötu	Myndlist
27.04.2024	Gamla Reykjavík - Krakkaleiðsögn á táknmáli	Landnámssýningin	Saga
27.04.2024	Sagan af Gýpu	Tjarnarbíó	Sviðslist
27.04.2024	Fljúgandi fuglar	Perlan	Náttúra, handverk, hönnun, myndlist
27.04.2024	Röddin mín skiptir máli	Veröld – hús Vigdísar HÍ, Heimasvæði tungumála 2. hæð	Myndlist
27.04.2024	Hvildartónleikar með Sigga&Ingibjörgu	Tjarnarbíó	Tónlist, sviðslist
28.04.2024	Undraveröld veggjalistar í Kvosinni og Vesturbæ	Landnámssýningin	Myndlist
28.04.2024	Lýðræði dýranna? Ókeypis fjölskyldusmiðja	Sjóminjasafnið í Reykjavík	Handverk
28.04.2024	Prakkarasmiðjan	Tjarnarbíó	Sviðslist
28.04.2024	Rodzinne zwiedzanie Muzeum Morskiego po polsku	Sjóminjasafnið í Reykjavík	Saga
28.04.2024	„Köld jól“, frumsýning á stuttmynd	Bíó Paradís	Kvikmyndir

\* Mikilvægt er að athuga að margir af þessum viðburðum voru standandi sýningar sem hægt var að sækja hvenær sem er á opnunartíma eða viðburðir sem voru haldnir oft en einu sinni sama dag.

## UMRÆÐUR

Almennar umræður um lýðræði í viðu samhengi:

Kennari leiðir umræður í bekknum um lýðræði. Spyrja spurninga eins og:

- Hvað er lýðræði?
- Tökum við þátt í lýðræði í okkar daglega lífi?
- Hvaða ákvarðanir tek ég alveg sjálf/ur/t fyrir mig?
- En aðra í kringum mig?
- En fyrir samfélagið allt?

Svo má leiða umræðurnar út í skoðanir okkar og gildi. Til þess að taka ákvarðanir þarf að mynda sér skoðun. Við vegum og metum út frá okkur, fólkinu í kringum okkur og samfélaginu öllu hvað okkur þykir best hverju sinni en það felur líka í sér ábyrgð og mikilvægi þess að setja sig í spor annarra.

Kennari tekur saman punkta úr umræðum og sendir okkur.



## HUGARKORT



Hugarflug og börnin mynda sér skoðanir svara þessum þremur spurningum:

- Hvað vil ég fyrir mig?
- Hvað vil ég fyrir aðra?
- Hvað vil ég fyrir samfélagið/heiminn?

Hægt er að vinna þrískipt hugarkort með þeim og skrifa niður eða taka myndir af svörum og senda á okkur.



## SKOÐANASKIPTI

Lýðræðisleg ákvörðun í bekknum:



1. Finnst ykkur að krakkar ættu að fá að kjósa? Af hverju?
2. Hvaða gildi finnst ykkur mikilvægust fyrir gott samfélag?

Kennari leiðir þau áfram og hjálpar bekknum að velja saman þrjú svör við báðum spurningum og senda okkur í pósti.



## BRÉF TIL BORGARSTJÓRNAR

Börnin skrifa bréf til borgarstjórnar um hverju þau vilja breyta.

1. Valkvætt er fyrir barnið hvort það vilji senda bréfið og má skrifa undir með fyrsta nafni, dulnefni eða bara skrifa aldur.
2. Kennari býr til rými fyrir þau til að skrifa bréf til borgarstjórnar (bréfsfni til útprentunar).
3. Svo safnar kennari bréfunum saman og er hægt að skanna þau inn og senda okkur eða óska eftir því að verkefnastjóri Barnamenningar sækji þau til ykkar.
4. Þegar öll bréf hafa borist verkefnastjóra Barnamenningar munu fulltrúa Krakkaveldis taka við bréfunum og afhenda fulltrúa borgarstjórnar í Ráðhúsinu. Með þessu fá börn 4. bekkjar tækifæri að koma skoðunum sínum, gildum og sjónarhorni til borgarinnar.

Meðfylgjandi er bréfsfni sem má nota.



## ÍTAREFNI

Mælum með að skoða efni á heimasíðu [menntastefnunnar](#).

En hér að neðan er að finna hlekki á allskonar gott efni.

- [Litli-Kompás - handbók um mannréttindamenntun](#)
- [Að efla lýðræði í frjálsum leik](#)
- [Heimsins mikilvægasta kvöld- Réttindaskólar UNICEF](#)
- [Barnalýðræði í Brosbæ.](#)
- [Lýðræði og mannréttindi - rit um grunnþætti menntunar](#)
- [Leiðbeiningar og viðmið um val á fulltrúum í stjórn nemendafélags grunnskóla og félagsmiðstöðvarráð](#)
- [Leiðbeiningar og viðmið um val á fulltrúum nemenda í skólaráð grunnskóla](#)

